

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Sauðárkróki



Dags eftirlits	12.9.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Steinunn Karlsdóttir
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	
Heimili	Hólmahlóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	470207,042 584571,151

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik og engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók í stöð Olíudreifingar á Sauðárkróki, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Rekstrarhandbók reyndist í góðu lagi.

Mælingar á olíuleifum í frárennsli olíuskilju voru framkvæmdar með olíuprófi Macherey Nagel. Ekki greindist olía í frárennslinu. Sjálfvirkur búnaður á olíuskilju var prófaður í eftirliti og reyndist hann virka sem skildi.

Fimm geymar eru í stöðinni, bent var á að þrjá þeirra þarf að botnþykktarmæla á næsta ári. Þrýstiprófanir á lögnum 55.50.00 og 550.70.00 hafa farið fram á þessu ári. Bensín er ekki geymt í stöðinni.

Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru aðgengilegar á staðnum.

Ísogsefni eru tiltæk á staðnum. Blautum ísogsmottum er safnað saman og sendar í spilliefnamóttöku.

Einn starfsmaður er í stöðinni sem hefur góða þekkingu á starfinu. Afleysing kemur frá Olíudreifingu á Akureyri eða Blönduósi.

Gengið var um stöðina, geymir skoðaður svo og lekavarnir (þrær) og olíuskilja. Olíuskiljan var tæmd í júní s.l. Girðingar hnoðast alltaf niður að veturlagi en mikil snjóalög eru undir hlíðinni þar sem stöðin er staðsett. Gert hefur verið við girðinguna.

ANNAÐ

Viðstaddur eftirlitið var Ólafur Björnsson.

Reykjavík, 13.09.2017

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Steinunn Karlsdóttir
Steinunn Karlsdóttir